

Taekwondosamband Íslands
Formannafundur 29.7 2008 kl. 18:00
Engjavegi 6
Salur E

Mættir:

Hlynur Örn Gissurarson – formaður TKÍ
hlynuorn@simnet.is
Trausti Valgeirsson – stjórnarmeðlimur
trausti83@gmail.com
Lýður – stjórnarmeðlimur
lydur@kaupthing.is
Sigursteinn Snorrason – Fjölnir/Sparring landslið
spark@internet.is
Örn Garðarsson – Keflavík
orn@soho.is
Ólafur Sigvaldason – Björk
osig@internet.is
Ófeigur Leifsson – UMSelfoss
gauksrimi10@simnet.is
Eduardo Rodriques – Poomse landslið
eduardo@stofnfiskur.is
Arnar Snær Valmundsson – Afturelding
arnarsv@gmail.com

Auður G. Sigurðardóttir – starfsmaður TKÍ
audurs@gmail.com
s:8997299

Fundardagskrá:

1. Íslandsmótið í Poomse sem haldið verður væntanlega í nóvember 2008.
 - Tillaga um að halda mótið 3ju helgina í nóvember (laugardaginn 15. nóvember) í Keflavík. Formaður félagsins í Keflavík ætlar að athuga hvernig það hentar þeirra skipulagi.
2. Ræða mót sem eru væntanleg og dagsetningar á þeim mótum í samráði við félögin.
 - Íslandsmótið í sparring – rætt var um að hafa það í apríl. Tillaga um að halda mótið laugardaginn 28. mars 2009. Staðfesta þarf þessa dagsetningu í samráði við félögin. Leitast er eftir hvaða félag getur tekið að sér að halda mótið.
3. Kynning á íþróttinni. Nýliðun fer af stað núna með haustinu og hvort félögin hafi áhuga á að TKÍ auglýsi íþróttina t.d. veggspjöld, auglýsingar í blöðum, skjáauglýsingar, í kvikmyndahúsum eða á hvaða hátt sem best er og myndi ná til fólks á áhugaverðan hátt.

- Plaköt hafa virkar vel og þá sérstaklega með smá sýningu í skólum eftir reynslu félaganna. Bæklingar dreift í skólum hafa reynst einnig vel. Beint samband með auglýsingum eins og plakötum eða “flyers” virðist virka vel. Kvikmyndauglýsing gæti virkar vel þar sem náð er vel til ákveðins markhóps. Hverfafélögin hafa leyfi til að fara og kynna sína starfsemi í skólunum og ættu félögin að nýta sér það.
 - Hugmynd um að hanna veggspjöldin þannig að það sé einhver ein heildarmynd en á ákveðnum stað pláss þar sem félögin geta sett sína dagskrá á og logo.
 - Samþykkt að TKÍ sjái um að hanna og framleiða plaköt sem verða síðan dreift til félaganna til að nota í auglýsingar í sínum hverfum. Trausti hefur samband við Örn (grafískur hönnuður) varðandi kostnað og hönnun.
 - Athuga bíóauglýsingu og þá nota t.d. auglýsingu sem nú þegar er til. Ófeigur Leifsson ætlar að taka að sér að athuga hvað myndi kosta að keyra svona bíóauglýsingu. Spurning um að keyra t.d. auglýsingu í september.
4. Landsliðsæfingar. Hafa félögin áhuga á að senda fleiri af sínum fólki á landsliðsæfingar.
- Björn Þorleifsson er með eldri hópinn og Sigursteinn er með minior hópana. Björn er með vikulegar æfingar og Sigursteinn er með æfingar meira um helgar.
 - Ungir og efnilegir eru opnar æfingar – minior landsliðið er sérstaklega valið í. Ungir og efnilegir geta unnið sig upp í minior landsliðið. Trausti kemur svo til með að fara og fylgjast með keppendum sem sjúkraþjálfari. Einn sjúkraþjálfari er einnig tengdur félaginu á Selfossi. Mikilvægt er að virkja þessa sjúkraþjálfara til að fylgjast með keppendum og einnig á mótum.
 - Poomse landsliðið/Eduardo. Það þarf að virkja félögin í að senda fleiri keppendur í poomse landsliðsæfingar. Yfirkennarar félaganna eru hvattir til að hvetja krakkana til að mæta á poomse landsliðsæfingar. Tillaga um að halda stórar æfingarbúðir til að kveikja áhugann hjá krökkunum til að mæta á æfingar. Sigursteinn ætlar að taka að sér að halda utan um æfingabúðir sem haldnar verða í samráði við hin félögin og fá góðan hóp til að mæta, bæði í sparring og poomse. Stefnt er á að reyna að halda þetta í byrjun september næskomandi.
5. Hjá skráningarkerfi Felix hjá t.d. Fram eru klárlega fleiri skráðir en eru virkir iðkendur. Athuga þarf hvernig er hægt að fá réttan fjölda svo félögin séu ekki að borga fyrir fleiri en eru iðkendur hjá félögunum. Finna einhverja leið til að finna réttar tölur og leiðrétt í kerfinu.
- Yfirleitt senda félögin bara lista og þær tölu eru settar inn. Ekki er ákveðið að hreyfa við þessu að sinni.
6. Passar. Hvetja félögin að fá iðkendur til að fá sér passa hjá TKÍ. Allir iðkendur ættu að vera með passa þegar þeir keppa á mótum og einnig

þegar farið er í æfingarbúðir. Passarnir eru aðgengilegir hjá verkefnastjóra TKÍ og kosta 2000 krónur.

- Eldri passar eru í fullu gildi. Tillaga um að reyna að fá nemendur til að taka passann í notkun fyrir Íslandsmótið í sparring 2009. (framhald að þessari umræðu undir “Önnur mál”.)

7. Tilnefna fólk úr félögunum til aðstoðar á Norðalandamótinu 2009.

- Sverrir Tryggvason hefur samþykkt að halda utan um Norðalandamótið. Halda utan um samskipti við landsliðin úti og halda utan um mótskipulag. TKÍ leggur til að félögin leggi til lið honum til samvinnu. Félögin sendi þá tillögu að aðstoðarmanni til verkefnastjóra TKÍ með nafni, síma og netfangi.

8. Tillaga varðandi að láta útbúa TKÍ merki og þau eru borin á búningum iðkenda allra félaga.

- Tillaga samþykkt að þetta sé tekið til skoðunar.

Önnur mál:

*Tillaga um að TKÍ taki til endurskoðunar félagaskipta ferlið. TKÍ samþykkir að koma félagaskiptareglunum vel á framfæri svo þau séu skýr og ávallt lögleg. Ef félagaskipti eru ekki lögleg þá getur það komið í veg fyrir að nemandi geti keppt á mótum.

*Tillaga um að það þurfi að taka til skoðunar og tekið á með mikilli festu hvernig er borið að að gefa nemendum hærri gráður. T.d. að beltagráða sé ekki leyfð nema að TKÍ gefi samþykki gráðuna.

Reglur t.d. varðandi próftöku á 1.dan sé eins alls staðar og allir viti hvað 1. dan þarf að kunna og þarf að ná til að ná prófi.

TKÍ tekur þetta til athugunar og í framhaldi vinni í samvinnu við félögin og þá fyrst og fremst yfirþjálfara að setja ákveðnar reglur sem framfylgja verður varðandi þetta ferli. Stefnt er að að þetta verði sett á laggirnar áður en passarnir verði settir í umferð að ráði. Tillaga TKÍ að yfirþjálfarar allra félaganna haldi sameiginlega 1-2svar á ári svartabelta próf fyrir þá nemendur. Sjá tillögur í viðhengi.

*TKÍ kemur með tillögu um að TKÍ gefi út skírteini þegar fólk tekur Dan próf og þar með staðfestir TKÍ að nemandi hafi unnið fyrir sínu belti og gráðu.

*Námskrá TKÍ – Tillaga um að TKÍ krefjist þess að nemendur sem taki gráður kunni ákveðna hluti samkvæmt námskrá. Sjá tillögur í viðhengi.

*Kennsla og réttindi kennara – Varðandi réttindi kennara og kennslu þurfa að vera ákveðnar reglur og ákveðinn “standard”. Kennarar séu með ákveðin réttindi t.d. haldin ákveðin námskeið svo þú getir öðlast kennararéttindi t.d. m.a. kennslu í skyndihjálp og svo framvegis. Einnig að yfirkennarar taki ákveðin námskeið eða próf til að geta borið nafn yfirkennara með réttu. Prófdómarar séu með ákveðin réttindi til að gráða geti verið veitt t.a.m. í gráðuprófum. Sjá tillögur í viðhengi.

*Varðandi keppnisflokka. Tillögur varðandi að beita krafti í unga og efnilega t.a.m. á aldrinum 12 – 14 ára. Þessi tillaga verður rædd á fundi með landsliðsþjálfurum.

*Dómara og mótstjóramál. Tillaga um að TKÍ sjái til þess að haldin sé grunnnámskeið í dómaraæslu. Haldið sé betur utan um þennan hóp sem nú þegar er að dæma á mótum. Tillaga um að mótin séu skipulögð þannig að hver dómari sem er að dæma VERÐUR að vera með dómararéttindi. TKÍ leggur líka til að landsliðsfólk sé t.a.m. séu með dómaraaréttindi. Sjá tillögur í viðhengi.

*Áfram stelpur. Tillaga um að fá meira af stelpum til að koma og æfa. Tillaga um að koma á fót ákveðnum hóp sem samanstendur af stelpum einungis. Sjá tillögur í viðhengi.

*Styrkleikalisti TKÍ. Tillaga um að hann sé tekinn upp aftur. Styrkleikalistinn er á netinu en er orðinn úreltur. Styrkleikalistinn getur átt þátt í að fólk verði virkara í keppnum. Sjá tillögur í viðhengi.

*Tillögur að fjölgun í félögunum. Sjá tillögur í viðhengi.

*Ólympíuleikarnir 2016. Margir efnilegir . Sjá tillögur í viðhengi

*Tilkynning. Fjölnir er að fá nýjan kennara Mr. Rodriques. Hann kennir að mestu í Fjölni en eitthvað í öðrum félögum. Hann er fyrrverandi landsliðsþjálfari í Mexíkó m.a.. Tillaga um að koma honum inn í ákveðin verkefni til aðstoðar t.d. landsliði og í önnur verkefni. Miklar vonir eru bundnar um að hann eigi eftir að gera vel fyrir íþróttina hér á landi sem maður með mikla reynslu í íþróttinni og hefur gefið kost á sér í þetta.

*Tillaga um að haldin verði árshátíð og t.d. valin Taekwondomaður/kona ársins og koma smá félagslegum tengslum á milli fólks sem er að æfa íþróttina. TKÍ tekur vel í tillöguna og hefur verið að íhuga svipaða viðburði.

Stefnt er á að halda anna formannafund í lok september 2008.

Fundi slitið kl. 20:00